

Tröllaborgir



Símenntunaráætlun Tröllaborga 2024-2025



Samkvæmt 7. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 er gert ráð fyrir að hver skóli að frumkvæði skólastjóra móti áætlun til ákveðins tíma um hvernig starfsþróun starfsfólks skuli háttað svo að hún sé í sem bestu samræmi við áherslur skólans, sveitarfélagsins og aðalnámskrá. Ákvörðun um fræðslu fyrir starfsmenn Tröllaborga byggir á stefnu skólans, áherslum hans og Menntastefnu Akureyrarbæjar.

Símenntun starfsmanna má skipta í tvennt:

- 1) Námskeið og fræðslufundir sem skólastjóri ákveður út frá stefnu skólans og forgangsverkefnum skólaársins.
- 2) Námi og fræðslu sem starfsmaður hefur áhuga á og telur mikilvæga fyrir sig í sínu starfi. Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum skólaársins og/eða þróunarvinnu á grundvelli sjálfsmats skóla.

Starfsmönnum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeirri símenntun sem þeir hafa áhuga á og telja sig þurfa að sækja til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Starfsmönnum ber einnig skylda til að sækja þau námskeið og fræðslufundi sem þeim er ætlað, samkvæmt símenntunaráætlun skóla. Þau skulu haldin á starfstíma skóla og vera starfsmönnum að kostnaðarlausu.

Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- 1) Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann
- 2) Þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar og er áætlunin kynnt starfsmönnum á fyrsta fundi skólaársins. Starfsmenn eru ábyrgir fyrir eigin símenntun, þeir leita tækifæra til að bæta kunnáttu og þroska hæfileika sína. Starfsmenn taka virkan þátt í gerð eigin símenntunaráætlunar, fylgja henni eftir og óska eftir aðstoð ef þeir þarfnast hennar

Dæmi um símenntun eru:

- Námskeið á vegum skólans eða sveitafélagsins
- Skipulagðar vettvangsheimsóknir á starfsdögum kennara
- Stutt námskeið og kynningar á starfsdögum kennara
- Umbóta- og/eða þróunarverkefni
- Lestur fræðigreina
- Heimsóknir í aðra skóla eða á aðrar stofnanir
- Nám eða námskeið sem starfsmaður velur sér í samráði við skólastjóra

Áætlun um símenntun skólárið 2024-2025

Heiti	Tími	Umsjón
Deildarfundir	Ágúst	Deildarstjórar
Skipulagsdagur	21. ágúst	Skólastjórnendur
Deildarfundir	September	Deildarstjórar
Skipulagsdagur	6. september	Skólastjórnendur
Deildarfundir	Október	Deildarstjórar
Skipulagsdagur	18. október	Skólastjórnendur
Deildarfundir	Nóvember	Deildarstjórar
Skipulagsdagur	7. nóvember	Skólastjórnendur
Deildarfundir	Janúar	Deildarstjórar
Skipulagsdagur	14. janúar	Skólastjórnendur
Deildarfundir	Mars	Deildarstjórar
Skipulagsdagur	5. mars	Skólastjórnendur
Deildarfundir	Maí	Deildarstjórar
Skipulagsdagur	14. maí	Skólastjórnendur

Nánari dagsetningar og lýsingar fær starfsfólk þegar nær dregur.